sýningarsalir

Listasafn ASÍ:
Hjörleifur Sigurðsson sýnir málverk, vatnslitamyndir og teikningar. Opið kl. 14-19 alla daga nema mánudaga og kl.14-22 um helgar. Lýkur 1. maí.

Mokka:
Ásgeir Lárusson sýnir 32 guassmyndir. Sýningin stendur út þennan mánuð.

Gallerí Gangurinn Mávahlíð 24:
Hollenski listamaðurinn Pieter Holstein sýnir og selur myndir eftir sig. Sýningin er opin til 20. maí.

Gallerí Íslensk list:
Fjöldasýning félagsmanna úr Listmunafélaginu að Vesturgötu 17 í splunkunýju gallerîi.

Listmunahúsið:
Ágúst Pedersen skyggnist undir skelina og sýnir mannamyndir. Opið kl. 10—18 virka daga nema mánudaga, þá er lokað og kl. 14—18 um helgar.

Nýlistasafnið:
Kristinn Guðbrandur Harðarson sýnir málverk og teikningar. Frábær sýning, sem lýkur á sunnudagskvöld. Opið kl. 16—20 virka daga og 14—20 um helgar.

Listasafn Íslands:
Auk mynda í eigu safnsins eru sýndar höggmyndir eftir Ásmund, Einar og Sigurjón, svo og ljósmyndir eftir Bandaríkjamanninn David Finn, ljósmyndir af höggmyndum. Opið virka daga kl. 13.30—18 og 13.30—22 um helgar.

Gallerí Lækjartorg:
Samsýning 15 listamanna til styrktar SATT, málverk og fleira. Allar myndir til sölu. Opið til 1. maí.

Kjarvalsstaðir:
Fjórar sýningar. Guðmundur Björgvinsson sýnir málverk, Vilhjálmur Bergsson sýnir einnig málverk, Þorbjörg Pálsdóttir sýnir skúlptúr og Frakkinn Yves Pedron sýnir ljósmyndir.

Norræna húsið:
Þórður Hall sýnir grafík í kjallara til 1. maí. Í anddyri er hins vegar sýning á blaðaúrklippum og ljósmyndum frá Noregi á hernámstímum nasista. Den illegale presse heitir sýningin.

Gallerí Langbrók:
Brynhildur Þorgeirsdóttir opnar sýningu á laugardag kl. 16. Þetta er fyrsta einkasýning Brynhildar og sýnir hún glerskúlptúra. Opið kl. 12—18 virka daga og 14—18 um helgar til 6. maí.

Gallerí Austurstræti 8:
Haukur Friðþjófsson sýnir myndverk tvö. Í tvær vikur.

leikhús

Þjóðleikhúsið:
Föstudagur: **Grasmaðkur** eftir Birgi Sigurðsson.
Laugardagur: **Lína langsokkur** eftir Lindgren, kl. 12.
Grasmaðkur kl. 20
Sunnudagur: **Lína langsokkur** kl. 15.
Jómfrú Ragnheiður eftir Guðmund Kamban kl. 20.
Litla sviðið:
Súkkulaði handa Silju eftir Nínu Björk Árnadóttur. Sýning á sunnudag kl. 20.30.

Leikfélag Reykjavíkur:
Föstudagur: **Salka Valka** eftir Halldór Laxness.
Laugardagur: **Skilnaður** eftir Kjartan Ragnarsson
Sunnudagur: **Guðrún** eftir Þórunni Sigurðardóttur.

Íslenska óperan:
Mikadó eftir Gilbert og Sullivan. Sýning á föstudag kl. 20.

Revíuleikhúsið:
Karlinn í kassanum eftir Arnold og Bach. Sýning í Hafnarbíói á föstudag kl. 20.30. Drífið ykkur áður en það verður um seinan.

Hótel Borg:
Neðanjarðarlestin eftir Imamu Amiri Baraka. Frumsýning á vegum Alþýðuleikhússins á mánudagskvöld. Jafnframt verður leikinn djass af Tískuljónunum.

Um undrageim í himinveldi háu

Myndlist

eftir Guðberg Bergsson



Auðvitað á málverkasýning Vilhjálms Bergssonar að Kjarvalsstöðum fátt skylt með þessari ljóðlínu. En gömlu ljóðskáldin leituðu að því í hæð himinsins sem nútímalistamaðurinn fann í djúpi sálarinnar. Listamaðurinn leitar ævinlega að undrum, tign og einhverju háleitu, þótt slíkt kunni að birtast í hinu smæsta eða undir yfirborði ljótleikans. Satan er samfara guði og ljótleikinn fagurfræðinni.

Öll listaverk eru af landslagi sálarinnar. En þau eru það í misjafnlega miklum mæli. Hugarsýnin sér það í ljóðinu, en augað sér það í málverkinu. Aðferðir ljóðs og málverks eru ætíð örlítið flúraðar.

Undirstaða allra málverka Vilhjálms er kyrrðin. Formin synda inn í þögn hugans, dvelja þar inni í rökkrinu og renna eða hníga svo líkt og þungur dropi inn í landslag þinnar eigin sálar.

Súrrealistarnir notuðu svipaða töfraaðferð, en þeir voru ólíkir Vilhjálmi í því að gæða oft venjulega hluti huglægu eðli og hnutu að lokum um sínar eigin mótsagnir og list þeirra leystist upp í grátbroslega tilgerð. Hér eru engin úr, tákn tímans, sem bráðna. Tíminn er, eins og ég hef sagt; ljós, birta. En Vilhjálmur er þeim líkur í því að sundurgreina ekki litina, sem varð að venju eftir starfsdaga Cézanne, heldur er notuð svipuð aðferð og Caravaggio notaði og síðan aðrir dulhyggjumálarar, eins og La Tour, og hægt væri að kalla birtu-og-skugga-aðferðina. Það er alltaf inn í víðáttuna sem er endalaus og lýst upp af birtu sem berst frá einhverjum óþekktum stað; tíma málverksins sem er tímaleysi þess og þess vegna guðlegs eðlis. Tíminn er auðvitað ljós, birta...

Eins og jafnan vill verða í mikilli kyrrð, og þá kyrrð þekktum við íslendingar, er óróleiki snar þáttur annað hvort í henni eða þeim sem hlustar á kyrrðina. Um leið fer eitthvað á kreik. Þögnin á það sameiginlegt myrkrinu. Áhorfandinn gerir sér ljóst, ef hann gefur sér tíma, að innan skamms eignast málverkið hliðstæðu sína í huga hans. Málverk Vilhjálms læðast með ísmeygilegum hætti vottur af afbroti í þessari aðferð, sambland af helgidómi og andstæðu hans. Þess vegna var hjá súrrealistunum gjarna meiri dýpt eða súrreöl áhrif í litnum en hinum draummótuðu formum. Vilhjálmur reynir hins vegar að samræma þetta tvennt: magn litanna og magn formanna. Og hann sækir ekki í raunheiminn önnur form en hringinn og ferhyrninginn, sem hægt er að breyta í þríhyrninga. Önnur form eru algerlega það sem hægt er að nefna hugarsmíði og reyna ekki að líkjast neinu. Einstaka sinnum grípur þau löngun til að hverfa úr formlíkama sínum og leysast upp eins og mökkur eða stjörnulíkami eða stjörnuþoka. Við þetta myndast flæði inn í kyrrt úthaf litanna.

Mörgum kann að virðast vera farið langt frá raunveruleikanum, náttúrunni og hversdagnum. En slíkt er fráleit skoðun. Slík málverk eru miklu meir í ætt við raunsæi en þau sem við flokkum gjarna undir „raunsæi“ og eru venjulega verk klaufanna. Ef venjulegt „landslagsmálverk“ til að mynda af Esjunni væri borið út undir heiðan himin og borið saman við fjallið, þá sæist strax hvílíkur reginmunur væri á því og fjallinu. Meðal annars vegna þess að fjöll og landslagið yfir höfuð eru aldrei klaufaleg, en það geta málverk því miður verið. Auk þess væru litirnir ósköp óraunsæir í samanburði við hina raunverulegu liti fjallsins.

En ef einhver bæri málverk eftir Vilhjálm út undir bert loft, undir kvöld, og léti það gnæfa upp móti himninum, þá sæi sá sami að málverkið mundi renna saman við náttúruna, þannig að varla sæjust skil milli náttúru og listaverks. Listaverkið mundi bara kannski lífga örlítið upp náttúruna. Slíkt er eðli listar og náttúru: samruni. Og við reynum að finna heildarkerfi þessa samruna. Það er enginn ókostur við listaverkið eða lífið að maður þarf að brjóta örlítið heilann yfir því eða líta stöku sinnum í eigin barm.

Um leið og við íslendingar menntumst í fagurfræði og raunveruleikaskyn okkar kemst á það stig að vera í einhverjum tengslum við raunveruleikann en ekki eintóm taugaveiklun, þá fáum við áhuga á náttúru okkar og landslagi og eðli beggja, og safnstjórnir sem verða eitthvað annað en gufur eða svefnprukur, eins og núna, þeir skipuleggja sýningu á íslensku landslagi, ekki bara fjallamyndum, heldur hverskyns landslagi lands og þjóðar. Þeir munu halda fyrirlestra og reyna að gera sér grein fyrir lífinu, litnum og formunum hjá þessari þjóð, sem er ekki sú formleysa sem halda mætti.

Allir sem hafa áhuga á landslagi í víðustu merkingu ættu að sjá sýningu Hjörleifs í Listasafni Alþýðu og Vilhjálms að Kjarvalsstöðum.



Vilhjálmur Bergsson að Kjarvalsstöðum — málverk hans læðast með ísmeygilegum hætti inn í þögn hugans.

Til hvers eru fjöllin

Til þess að málarar máli myndir af þeim.

Yfir landslagi Þórðar Hall á sýningu hans í Norræna húsinu er allt annar blær en hjá Hjörleifi og Vilhjálmi. Þetta er að mestu fjallaheimur og oft í all efnalaugarlegum nýtískulit. Oft hefur maður á tilfinningunni að listamaðurinn hafi meiri áhuga á litnum í túpunni en því að láta tilfinningarnar síast gegnum hann. Af þeim sökum verður á myndunum iðnaðarmannsbragur. Það er engu líkara en að liturinn sætti sig ekki algerlega við listamanninn og listamaðurinn sætti sig ekki við eða hafi ekki umgengist olíuliti eins og þeir væru eðlilegt viðfangsefni. En engir litir eru jafn sveigjanlegir og olíulitir, og á enga liti er komin jafn mikil mannleg og listræn reynsla. Olíuliturinn er litur málverka vestrænnar menningar.

Akríllitir og aðrir „nútímalitir“ eru uppfinning yfirborðsins, og rannsóknir á litum hafa leitt í ljós að til að mynda fuglar sækja meira í akrílliti en aðra liti. Fuglar bera lítið skynbragð á list, en þó fer það dálítið eftir tegundum. Flugur forðast að mestu bláan lit, einkum hin venjulega húsfluga. Að þeirri niðurstöðu komust bændur við Miðjarðarhafið, löngu á undan Beisl og Schuster, og klína bláum lit kringum glugga á húsum sínum, til að fæla burt flugur. Það getur sólarlandafólk dæmt um, ef það kemur í fátæk þorp til að mynda á Spáni. Houben komst ekki að þessum sannleika fyrr en 1971.

Því miður er líklega ekki hægt að læra að hafa smekk fyrir litum, menn verða að hafa tilfinningu fyrir þeim, meðfædda.

Ef það er rétt væri rangt að halda því fram að með aukinni iðnvæðingu og skorti á blæbrigðum í lit í borgarumhverfi muni maðurinn smám saman fara að hafa sama litasmekk og til að mynda dýrin. Ekki veit ég með vissu, hvers vegna eldhús voru oftast höfð í bláum lit hérlendis á meðan fólk erfiðaði. Stafaði það af því að konurnar sem biðu með kaffið í eldhúsinu handa erfiðismanni sínum höfðu komist að sömu niðurstöðu og Itten (1961) að blár litur hefur betri áhrif á veðhlaupahesta en aðrir litir? Bláa liturinn sefar þá eftir veðhlaupin, en hins vegar hefur þessi sami litur gagnstæð áhrif á dráttarklára, hann lífgar þá.

Ég veit ekki hvort íslenskir málarar hafa nokkra hliðsjón af rannsóknum Heimendahl, Itten, Birren og Houben, en eitthvað hljóta þeir sem stunda auglýsingateiknun að hafa fengið nasasjónir af þeim. Bandarískir málarar mála oft eftir niðurstöðum litasálarfræðinganna og málverkin hafa kórrétt áhrif á áhorfandann, með örlítilli hjálp frá auglýsingavélinni, auðvitað, að „listfræðingunum“ ógleymdum.


Hinir fávísari meðal listunnenda vita ekki að þeir eru að horfa á niðurstöður rannsókna en ekki „málverk“ í okkar evrópska skilningi þegar þeir horfa á málverk eftir t.d. Warhol, og verða þess vegna fyrir hárréttum vísindalegum áhrifum og niðurstöðum sem ekki verður haggað, enda benda rannsóknir Johannesar Ittens til þess að þær séu réttar.

Allt hefur þetta borist sem örlítill ómur til íslenskra málara, en þeir eru enn of mikil náttúrubörn til að láta heillast inn í vísindafjöllin og flokkunarkerfi listapostulanna úr háskólunum og hinum „opnu“ listaskólum. Flestir listaskólar eru miklu fastari í formi sjálfsfróunar og auðnar en akademíurnar voru hér áður. Enginn hefur bara komið auga á það eða þorir að skera upp herör gegn hinum „frjálsu, skapandi listaskólum“. Í akademíunum ríkti þó agi en í listaskólunum stjórnlaus ömurleiki.

Þess vegna er gaman að sjá hvernig Þórður Hall skopast að til dæmis Snæfellsjökli, með því að beita hann „skólun“. Þessi hæðni er einnig með í ráðum þegar hann fæst við annað landslag. Hann lætur eins og hann ráði ekki við landslagið og fer þá að kássa upp á það hvers kyns skrauti úr flatarmálsfræðinni að hætti landmælingamanna og dengir á það éljagangi úr penslinum í formi punkta sem iða í ætt við landslag á Frakklandi á tímum síðimpresionismans. Klifin eru samt íslensk en þokuliturinn franskættaður.

Í teikningum sínum leyfir Þórður Hall sér ekki að skopast. Allt er blýgrátt eins og blýið og sú náttúra sem listamaðurinn er að fást við. Samræmi er milli aðferðar, atvinnutækja (blýantsins), hugarfars listamannsins, fyrirmyndarinnar og listvilja. Og niðurstaðan er sjálfri sér samkvæm, listræn.

Það er þó ekki skilyrði fyrir listrænni niðurstöðu að niðurstaðan sé sjálfri sér samkvæm. Oft sá listamenn korni ósamkvæmninnar í enda samkvæmninnar, og er það þá rúsínan í pylsuendanum.



Þórður Hall í Norræna húsinu — meiri áhugi á litnum í túpunni en því að láta tilfinningarnar síast í gegnum hann.